



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

september 2012

Eftirtaldir mynda stjórn
foreldrafélagsins
veturinn 2012-2013:

Aðalbjörg Skúladóttir

Anne B. Hansen

Hanna Rut Samúelsdóttir

Helena Herborg
Guðmundsdóttir

Linda Björk Sigurðardóttir

Óskar Gunnarsson

Ægir Sigurðsson

Tenglastarf 2012-2013

Nú standa yfir foreldrakynningar í Sunnulækjarskóla og taka umsjónarkennarar niður nöfn tilvonandi bekkjarfulltrúa fyrir hönd foreldrafélagsins. Sjá dagsetningar á **heimasíðu skólans**.

Foreldrar sem hafa áhuga á að starfa sem bekkjartenglar geta einnig haft samband við umsjónarkennara með tölvupósti eða símleiðis fyrir fundinn.


Um leið og við þökkum kennurunum fyrir þeirra framlag hvetjum við þig til að taka virkan þátt í foreldrastarfinu. Það er minna mál en þú heldur að vera bekkjartengill.

Bestu kveðjur,
stjórn Foreldrafélags Sunnulækjarskóla



Foreldrafélagið hefur gefið út bækling um tenglastarfið sem má lesa **hér**.

Frá 1. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2012-2013



- Ákveðið var að fresta skipun í stöður stjórnar þar til allir meðstjórnendur væru mættir.
- Byrjað var að fara yfir og kynna fyrir nýjum stjórnarmeðlimum starf stjórnar, hvað hefur verið gert og hvernig staðan er á hinum ýmsu málum.
- Tekið var fyrir ábending sem kom síðastliðið vor til stjórnar um að styrkja tækjakost til útieldunar sem skólinn er að efla sig í þ.e.a.s útikennslu. Ákveðið að versla áhöldin sem búið var að fá verð í og færa skólanum sem gjöf.
- Umræða var um hvort kvartanir hafi komið inn til foreldrafélagsins um aðbúnað skólavistar sem heyrist úti á meðal foreldra, ákveðið var að Aðalbjörg tæki að sér þau málefni sem snéri að Skólavistun.
- Linda talaði um að senda út gíróseðla fyrir árgjald foreldrafélagsins fyrir heldur en í fyrra. Ákveðið var á síðasta aðalfundi að árgjald væri óbreytt. Aðalbjörg ætlar að kanna með verð og útbúa gíróseðla.
- Ákveðið var að stjórn foreldrafélagsins stæði fyrir fundi með bekkjartenglum vetrarins eins og gert hefur verið síðastliðin tvö haust þar sem farið er yfir starf tengla. Stefnt er að því að halda þennan fund 25. september.
- Hugmynd var rædd um að breyta heimasíðu foreldrafélagsins í Facebook-síðu sem allir gætu farið inn á og væri auðveldara að uppfæra.
- Foreldrafélagið hefur skipulagt foreldrarölt í samstarfi við Vallaskóla og er búið að raða niður út september. Linda ætlar að vera í sambandi við foreldrafélag Vallaskóla til að raða niður fyrir veturinn.
- Umræða var um hvort foreldrafélagið eigi að standa fyrir forvarnarfundum með fyrirlestri í samstarfi við aðra skóla í Árborg. Það var ákveðið að taka það fyrir á næsta fundi.
- Einneltismál komu til umræðu og útkoma Sunnulækjarskóla úr könnun þar sem skólinn kom best út af skólum í Árborg þar sem 11% svarenda sögðust hafa orðið fyrir einelti. Hvernig er hægt að lækka þessa tölu sem er enn allt of há?